

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 2014

[Endurrit]

Þann 21. mars 2014 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, á fjórðu hæð Borgartúns 33 í Reykjavík. Fundurinn hófst með því að Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður stjórnar félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann stakk upp á að Bragi Gunnarsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Bragi tók við fundarstjórn og lagði til að Theodóra Thorlacius yrði kjörin fundarritari. Það var samþykkt. Lögmæti fundarins var kannað, en mætt er fyrir alla hluti í félaginu og fer Steinþór Pálsson bankastjóri með atkvæði Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og Siggeir Vilhjálmsson með atkvæði Bláma fjárfestingafélags ehf. Til fundarins var boðað með lögmætum hætti og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem fyrir fundinum liggja. Auk hluthafa var stjórn félagsins mætt á fundinn sem og framkvæmdastjóri þess og Helgi F. Arnarson endurskoðandi félagsins. Þá voru mættir á fundinn ýmsir gestir og margir starfsmanna félagsins.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liðnu starfsári
3. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2014 lagður fyrir til samþykktar
4. Kjör stjórnar
5. Kjör endurskoðanda eða endurskoðendafélags
6. Starfskjarastefna félagsins
7. Ákvörðun um meðferðar hagnaðar
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
9. Önnur mál

Gengið var til umræðu og afgreiðslu dagskrármál.

2. Skýrsla stjórnar félagsins

Sigurbjörn Jón Gunnarsson, formaður stjórnar félagsins flutti skýrslu stjórnar um hag og rekstur á liðnu starfsári. Sagði hann rekstur félagsins hafa gengið vel á síðasta ári og umfang Landsbréfa haldið áfram að aukast. Nefndi hann mikla vöruþróun og að í lok ársins 2013 hefði félagið annast rekstur 29 sjóða um sameiginlega fjárfestingu samanborið við 20 í upphafi árs, auk þess sem félagið sinnti eignastýringu fyrir 5 lögaðila samkvæmt sérstökum samningum. Eignir í stýringu voru í árslok samtals um 110 milljarðar samanborið við 83 milljarða í upphafi árs. Eignir í stýringu jukust því um 27 milljarða eða sem nemur 33% aukningu á árinu. Alls voru um 12 þúsund einstaklingar og lögaðilar með fjármuni í sjóðum Landsbréfa eða í eignastýringu hjá félaginu í lok árs. Hann tiltók sérstaklega að lokið hafi verið við fjármögnun tveggja

samlagshlutafélaga á sviði framtaksfjárfestinga á árinu. Annars vegar Horn II slhf., sem er 8,5 milljarðar króna að stærð og fjárfestir í öllum geirum íslensks atvinnulífs. Hins vegar Landsbréf – Icelandic Tourism Fund I slhf. (ITF I) sem er rúmlega tveir milljarðar króna að stærð, en félagið sérhæfir sig í framtaksfjárfestingum tengdum ferðapjónustu, einkum nýrri afþreyingu fyrir ferðamenn. Fram kom að í lok ársins 2013 hafi eignir í stýringu hjá Landsbréfum tengdar framtaksfjárfestingum verið alls 43,5 milljarðar króna. Nýjar eignir í stýringu námu um 10,6 milljörðum króna. Hann tiltók að í júlí hafi Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) valið Landsbréf hf. til að annast eignastýringu fyrir sjóðinn. Samningurinn við TIF var gerður í framhaldi útboðs þar sem tíu fjármálafyrirtæki tóku þátt.

Hann fór yfir helstu niðurstöðutölur ársreiknings og kom fram að hreinar rekstrartekjur Landsbréfa á árinu 2013 námu 969 milljónum króna samanborið við 443 milljónir króna árið 2012. Hagnaður af rekstri nam 187 milljónum króna samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 7 milljónir króna árið 2012. Eigið fé Landsbréfa í árslok 2013 nam 1.644 milljónum króna. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, var 116,7% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0%. Þá var eiginfjárgrunnur félagsins 168% af föstum rekstrarkostnaði, en hlutfall þetta má ekki vera lægra en 25% samkvæmt sama lagaákvæði. Þá kom fram að í árslok 2013 störfuðu hjá Landsbréfum 19 starfsmenn en þeir voru 15 í upphafi árs. Fjölgun starfsmanna er í samræmi við aukin umsvif félagsins á árinu.

Stjórnarformaður greindi frá því að aðalfundur félagsins hafi verið haldinn þann 22. mars 2013 í nýjum höfuðstöðvum félagsins í Borgartúni. Á fundinum var samþykkt að auka eigið fé félagsins um 750 milljónir króna. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf. skrifaði sig fyrir allri hækkuninni og var það greitt að fullu á árinu. Sagði hann sterkan efnahag félagsins efla verulega styrk þess til að takast á við vöxt og verkefni næstu ára. Hann greindi frá því að stjórn félagsins legði til að ekki yrði greiddur arður að þessu sinni, þar sem skammt er síðan að nýtt hlutafé var greitt inn til félagsins, en legði til að hagnaði ársins 2013 yrði ráðstafað til hækkunar á eigin fé félagsins. Fram kom að á aðalfundinum 2013 hafi verið kjörin í stjórn þau: Halldóra G. Hinriksdóttir, Helga Friðriksdóttir, Jón Steindór Valdimarsson, Kristinn Ingi Lárusson og Sigurbjörn Gunnarsson. Til vara voru kjörin Bergþór I. Björgvinsson og Heiður Agnes Björnsdóttir. Í framhaldi var Jón Steindór kjörinn formaður stjórnar. Breytingar urðu á stjórn félagsins á hluthafafundi þann 13. desember 2013, en þá voru þau Helga Gunnarsdóttir, Jón Þór Grímsson og Sigríður Hrund Guðmundsdóttir kjörin í stað Halldóru, Helgu og Jóns Steindórs. Í framhaldinu var Sigurbjörn Gunnarsson kjörinn formaður stjórnar. Fram kom að árinu 2013 voru haldnir 15 stjórnarfundir. Á þeim var að venju fjallað um afkomu félagsins og sjóða í rekstri þess, farið yfir þætti sem snúa að áhættu og regluverki auk annarra hefðbundinna og lögbundinna starfa stjórnar. Á árinu störfuðu tvær undirnefndir stjórnar starfskjaranefnd og endurskoðunarnefnd. Þá greindi hann og frá því að á árinu 2013 hafi verið haldinn sérstakur matsfundur stjórnar þar sem stjórn lagði mat á eigin störf og á störf framkvæmdastjóra. Markmið fundarins var að

leggja mat á skilvirkni stjórnar, styrkleika og veikleika í störfum hennar og skilgreina hvað mætti betur fara. Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti við Háskóla Íslands veitti Landsbréfum, í lok árs 2013 viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum. Var viðurkenningin veitt í kjölfar ítarlegrar úttektar á stjórnarháttum Landsbréfa sem unnin var af lögmannsstofunni Lex ehf. Niðurstaða úttektarinnar var sú að stjórnarhættir Landsbréfa gætu að mörgu leyti verið öðrum fyrirtækjum til fyrirmyndar.

Þá kom fram í máli formanns að Landsbréf ynnu mikið og náið í samstarfi við flest svið Landsbankans bæði varðandi rekstrartengda þætti, sölumál o.fl. Þetta samstarf hefði gegnið vel og á síðustu mánuðum hefði markvisst verið unnið að því að efla þetta samstarf, einkum við Markaði Landsbankans sem sjá að stórum hluta um markaðssetningu og sölu sjóða Landsbréfa. Kvað hann árangur af þeirri vinnu hafa verið góðan og ætti eftir að skila sér enn betur á næstu misserum.

Hann þakkaði að lokum meðstjórnarmönnum samstarfið og þakkaði einnig fulltrúum Landsbankans gott samstarf og nefndi þar sérstaklega Steinþór Pálsson bankastjóra og Hrefnu Sigfinnsdóttur framkvæmdastjóra Markaða. Þá þakkaði hann jafnframt framkvæmdastjóra félagsins Sigþóri Jónssyni fyrir samstarfið og afar góð störf í þágu félagsins.

Aðrir kvöddu sér ekki máls undir þessum dagskrárlið.

3. Ársreikningur fyrir rekstrarárið 2014 lagður fyrir til samþykktar

Ársreikningur félagsins lá frammi til samþykktar fyrir fundinum. Sigþór Jónsson, framkvæmdastjóri félagsins fór nánar yfir uppgjör félagsins og helstu liði þess. Hann byrjaði umfjöllun sína til að fara yfir þau markmið sem sett hefðu verið fyrir rekstur ársins 2013 og hvernig hefði gengið að ná þeim. Stefnt var að því að tvöfalda rekstrartekjur félagsins. Þær voru 969 m. kr. árið 2013 samanborið við 443 m. kr. árið áður. Stefnt var að því að hagnaður ársins yrði a.m.k. 165 m. kr., en hann varð 187 m. kr., en var 7 m. kr. árið áður. Stefnt var að því að eignir í stýringu yrðu 197 m. kr. í lok árs, en þær reyndust 110 m. kr., en voru 82 m. kr. árið áður. Sjóðum og félögum fjölgaði verulega á árinu og nýjar vörur höfðu verið stofnaðar á árinu með yfir 22 milljarða í stýringu og með árlegar tekjur yfir 250 m. kr. Í máli framkvæmdastjórans kom fram að sterkur efnahagur legði grunninn að öflugum félagi til framtíðar. Framkvæmdastjórinn stiklaði á stóru yfir helstu viðburði ársins eftir ársfjórðungum. Kom fram að markaðshlutdeild Landsbréfa hefði vaxið úr 14% í 16% og stefnan væri að auka hana enn frekar. Hann sagði styrk Landsbréfa m.a. liggja í fjölbreyttu vöruúrvali, þar sem félagið í gegnum sjóðaframboð sitt kæmi að íslenskum atvinnurekstri á öllum stigum, allt frá frumstigi og sprotum til skráðra félaga og legði þannig grunninn að meginhlutverki félagsins sem væri „að vera hreyfiafl sem með virkri eiganstýringu brúar bilið á milli sparnaðar og fjármögnunar á öllum stigum íslensks

samfélags. Þá fór greindi framkvæmdastjórinn frá stefnumótunarynnu innan félagsins og fór yfir helstu markmið fyrir árið 2014.

Þegar framkvæmdastjórinn hafði lokið máli sínu vakti fundarstjóri athygli á því að Helgi F. Arnarson endurskoðandi félagsins væri mættur á fundinn ef fundarmenn vildu bera upp spurningar, en svo var ekki. Aðrir kvöddu sér ekki hljóðs og var ársreikningur félagsins lagður fyrir fundinn og samþykktu fulltrúar hluthafa hann með öllum atkvæðum.

4. Kjör stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim einstaklingum sem eru í kjöri til stjórnar og varastjórnar. Þau eru sem aðalmenn:

Helga Gunnarsdóttir
Jón Þór Grímsson
Kristinn Ingi Lárusson
Sigríður Hrunð Guðmundsdóttir
Sigurbjörn Jón Gunnarsson,

og sem varamenn þau Bergþór I. Björgvinsson og Heiður Agnes Björnsdóttir. Hér er um að ræða núverandi stjórnarmenn og sömu varamenn og áður. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlíð og var fram komin tillaga um að núverandi stjórnarmenn og varastjórnarmenn yrðu endurkjörnir samþykkt með öllum atkvæðum hluthafa.

5. Kjör endurskoðanda eða endurskoðendafélags

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu að KPMG ehf. yrði endurkjörrið sem endurskoðendafélag Landsbréfa hf. líkt og verið hefur. Aðrir kvöddu sér ekki hljóðs undir þessum líð og var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum atkvæðum.

6. Starfskjarastefna félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu að gildandi starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt óbreytt, en stefnan fylgdi með fundargögnum. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlíð og var tillagan borin undir fundinn og var hún samþykkt.

7. Ákvörðun um meðferðar hagnaðar

Fundarstjóri vísaði til umfjöllunar formanns félagsins og sagði tillögu stjórnar vera þá að hagnaði ársins yrði ráðstafað til hækkunar á eigin félagsins, þó þannig að fært væri lögbundið framlag til varasjóðs þ.e. 3,5 milljónum króna, eða sem svarar 10% hlutfjár, sbr. 100. gr. laga nr. 2/1995, um hlutfélög. Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlíð og var hún borin undir atkvæði og samþykkt með öllum atkvæðum hluthafa.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu að þóknun til stjórnarmanna verði 200.000 kr. á mánuði og að mánaðarleg þóknun stjórnarformanns verði tvöföld sú fjárhæð. Varamenn skulu fá 50.000 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja vegna forfalla aðalmanna. Þá er lagt til að þóknun til undirnefnda stjórnar, þ.e. starfskjaranefndar og endurskoðunarnefndar, verði 50.000 kr. fyrir hvern setinn nefndarfund og tvöföld sú fjárhæð fyrir nefndarformann. Þá er lagt til að ekki skuli greiða þóknun fyrir fleiri en einn fund í undirnefndum stjórnar á mánuði og að ekki verði greidd þóknun til starfsmanna í samstæðu Landsbankans hf. vegna starfa þeirra í stjórn eða undirnefndum stjórnar Landsbréfa. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var tillagan borin undir fundinn og samþykkt með öllum atkvæðum hluthafa.

9. Önnur mál

Undir þessum lið kvaddi Steinþór Pálsson sér hljóðs. Hann ávarpaði fundinn og þakkaði sérstaklega stjórn Landsbréfa hf. og starfsmönnum félagsins fyrir vel unnin störf. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá fundargerð Fleira var ekki rætt á fundinum. Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 16.45.

Þannig farið fram.

[sign]

Bragi Gunnarsson, fundarstjóri

[sign]

Theodóra Thorlacius, fundarritari